



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um lokun skólabygginga fyrir þeim sem ekki eiga þangað erindi**

Á fundi borgarráðs 14. september 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarráð beini því til skóla- og frístundasviðs að skoða hvernig hægt sé að loka skólabyggingum fyrir öllum þeim sem ekki eiga þangað erindi eða eru í boði skólanna sjálfra. Þeir einu sem eiga erindi í skóla eru starfsfólk, börnin og foreldrar. Aðrir sem eiga erindi s.s. sem á fundi hafa fengið um það boð. Í raun eru dyr leik- og grunnskóla opnar öllum eins og fyrirkomulagið er dag. Hver sem er getur í raun gengið inn óáreittur. Vísað er í að niðurstöður skólaþings sem fram fór í Austurbæjarskóla á síðasta skólamiðvikum sýna að nemendur í Austurbæjarskóla telja aðgengi inn í skólann of auðvelt. Fulltrúi Flokks fólksins hefur lagt til að komið verði upp öryggismyndavélum þar sem börn koma saman til náms og starfa. Sumir skólar eru komnir með slíkan búnað. Öryggis- og eftirlitsmyndavélar eru vissulega engin hindrun en hafa fælingarmátt og skólayfirvöld geta brugðist fyrr við ef óboðinn gestur er mættur á svæðið. Umræða um öryggisverði í grunnskólum hefur vissulega komið til tals og vill Fulltrúi Flokks fólksins sjá þá umræðu fá meiri dýpt og skoðun. Það skiptir miklu máli að starfsfólk okkar sé öruggt í því umhverfi og fylgi þeim viðmiðum sem menntamálaráðuneytið og sveitarfélagið boðar.*

#### **Svar:**

Skóla- og frístundasvið tekur undir mikilvægi þess að starfsfólk, börn og unglingar í skóla- og frístundastarfi borgarinnar séu örugg í því umhverfi þar sem þau starfa og að nauðsynlegt sé að fylgja þeim viðmiðum sem mennta- og barnamálaráðuneytið og sveitarfélagið hafa samþykkt að stuðst sé við varðandi öryggismál í skóla- og frístundastarfinu.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út í ágúst 2014 [Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum](#) sem síðast var uppfærð í maí 2021. Sambærileg handbók var gefin út um [velverð og öryggi barna í leikskólum](#) árið 2014 og síðast uppfærð 2021. Stjórnendur leik- og grunnskóla og frístundastarfsins byggja öryggisáætlanir starfsstaðanna á þeim ábendingum og verklagsreglum sem þar koma fram.

Ríkislögreglustjóri og menntamálaráðuneytið gáfu út 18. janúar 2021 *Viðbragðsleiðbeiningar fyrir skólastofnanir* sem eru fylgiskjöl með ofangreindri handbók og þar sem birtar eru leiðbeiningar um viðbrögð í neyðartilvikum. Í inngangi kemur fram að leiðbeiningarnar segi fyrir um skipulag og stjórnun aðgerða ef hættuástand kemur upp í skólastofnuninni eða í starfsemi á vegum hennar. Markmið leiðbeininganna er að tryggja skipulögð viðbrögð og að nauðsynleg aðstoð berist á sem skemmstum tíma ef hættuástand skapast. Mælt er með að endurskoða leiðbeiningar og áhættumeta reglulega út frá breyttum aðstæðum í daglegu starfi og æfa reglulega viðbrögð og þróa þekkingu og færni í að takast á við neyðartilvik. Bæði er um að



ræða almennar leiðbeiningar og leiðbeiningar fyrir kennara, fagfólk og almennt starfsfólk sem og neyðarstjórn stofnunar.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 3. október 2019 var samþykkt svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata:

*Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að setja af stað starfshóp sem hafi það verkefni að móta tillögur til að auka öryggi barna í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Starfshópurinn skoði í vinnu sinni þá öryggisferla sem eru til staðar í dag og geri tillögu að samræmdum ferlum. Kannaðir verði m.a. kostir þess að nýta öryggismyndavélar í auknum mæli við starfsstöðvar, merkingar starfsfólks og hafa strangari aðgangsstýringar. Jafnframt verði skoðaður þáttur forvarna og fræðslu varðandi öryggismál til barna, ungmenna og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi. Starfshópurinn hafi samráð við Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar í vinnu sinni. Tillögur starfshóps verði lagðar fyrir skóla- og frístundaráð eigi síðar en 1. febrúar 2020.*

Starfshópurinn hóf störf með erindisbréfi dags. 30. október 2019 og er enn starfandi. Hópurinn kynnti tillögur um öryggismál í skóla- og frístundastarfi fyrir skóla- og frístundaráði 23. júní 2020. Hópurinn setti fram nokkrar tillögur í fjórum meginflokkum; a) viðmið og verklagsreglur, b) fræðsla og upplýsingagjöf, c) auðkenningar, merkingar og aðgengi, d) öryggismyndavélar, lýsing og aðgangsstýring. Sagt var frá því hvað fólst í þeim tillögum sem hópurinn setti fram. Hópurinn mælti með að skoðað yrði að setja upp öryggismyndavélar við starfsstaði SFS þar sem þörf var talin á og við yrði komið. Kannaður var kostnaður við að setja upp öryggismyndavélar ásamt búnaði á starfsstöðum með ólíkar þarfir. Meðaltalsverð í grunnskólum var þá talinn um 2 m.kr. en 600 þús. fyrir leikskóla/frístundaheimili/félagsmiðstöð. Hópurinn benti á að mikilvægi þess að starfsstaðir huguðu að persónuvernd áður en endanleg ákvörðun væri tekin um uppsetningu öryggismyndavéla.

Í maí 2020 gaf skóla- og frístundasvið út *Viðmið varðandi aukið öryggi í skóla og á skólalóð á skólatíma, viðmið varðandi aukið öryggi í leikskóla og á leikskólalóð og Viðmið varðandi aukið öryggi í frístundastarfi, innan dyra sem utan* til að stuðla að auknu öryggi í skóla- og frístundastarfi á starfstíma með markvissri aðgangsstýringu, eftirliti, innra öryggi og upplýsingagjöf. Í tengslum við aðgangsstýringu og eftirlit er lagt til að hver starfsstaður ákveði hvernig opnun innganga sé háttáð í upphafi starfstíma, í lok starfs og á starfstíma. Einnig er mælt með að koma fyrir öryggismyndavélum utandyra við aðalinngang og mögulega víðar eftir þörfum og aðstæðum. Jafnframt er mælt með góðri lýsingu á leiksvæðum t.d. ljósabúnað með hreyfiskynjara til að draga úr hættu á skemmdarverkum. Í hlutanum um innra öryggi er lagt til að starfsstaðir SFS geri verklagsreglur sem nái m.a. til auðkenningu starfsmanna, samskipti við ókunnuga í eða við leik- og grunnskóla, frístundaheimili eða félagsmiðstöð og viðbragðsáætlun ef gestur sýnir óæskilegt atferli. Mælt er með að verklagsreglur um öryggi séu kynntar vel fyrir öllum hagsmunaaðilum, s.s. skólaráðum, starfsmönnum, foreldrum, börnum og unglíngum, helstu samstarfsaðilum og sem hluta af nýliðaðþjálfun starfsmanna. Sérstaklega er fjallað um öryggisfræðslu til barna, unglínga og starfsfólks og lagt til að kynna starfsfólki, börnum og unglíngum leiðbeiningar um viðbrögð við kynferðislegri áreitni og ofbeldi í skóla- og frístundastarfi, innleiða verkefnið „[Opinskátt um ofbeldi](#)“ og upplýsa börn og unglínga um hvernig þau geti tilkynnt ofbeldi. Sviðsstjóri SFS kynnti ofangreind viðmið vel fyrir stjórnendum í skóla- og frístundastarfi borgarinnar og hvatti til að þau væru kynnt vel öllum hagsmunaaðilum í skóla- og frístundastarfinu.

Í kjölfar skýrslu starfshópsins um öryggismál í skóla- og frístundastarfi voru settir upp talnalásar við innganga eða hlið allmargra leikskóla í borginni til að takmarka aðkomu óviðkomandi að húsnæði og/eða leiksvæði barnanna. Foreldrar og starfsfólk hefur þá aðgang að lásunum en aðrir ekki.



Í örfáum tilvikum hafa skólar fengið tímabundið til sín öryggisverði, þegar ógn er yfirvofandi. Það er mat sviðsins að ekki sé nauðsyn á öryggisvörðum í skólum borgarinnar.

Í Covid-19 faraldrinum voru settar tímabundið verulegar takmarkanir á aðgengi utanaðkomandi inn í byggingar sem hýsa skóla- og frístundastarf borgarinnar. Öllum inngöngum var lokað og þeir sem töldu sig eiga erindi inn í byggingarnar þurftu að hringja á undan sér til að gera grein fyrir sér og erindi sínu. Margir stjórnendur höfðu á orði eftir að faraldrinum létti að þessi takmörkun á aðgengi óviðkomandi hefði haft þau áhrif á skóla- og frístundastarfið að minna var um utanaðkomandi áreiti og mörgum reyndist auðveldara að einbeita sér daglegum verkefnum.

Skóla- og frístundasvið telur því að nú þegar hafi verið unnið ötullega að því að tryggja sem best öryggi barna, unglinga og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Fram að þessu hefur það verið eitt af einkennum íslenskra skóla og íslensks samfélags hvað það er opið og bjóðandi og samfélagið fylgjandi því að svo sé. Það er hins vegar nauðsynlegt að hafa og eiga skýrar verklags- og öryggisreglur sem starfsfólk er þjálfað í að beita. Nýlegir atburðir þar sem óviðkomandi komu óboðnir inn í einn grunnskóla borgarinnar á starfstíma skólans og ollu töluverðri truflun á skólustarfinu gefa hins vegar vísbendingu um að stjórnendur og starfsfólk þurfi stöðugt að vera á varðbergi gagnvart ágengni óviðkomandi og að ítreka þurfi við alla hagsmunaðila að fylgja vel eftir þeim viðmiðum og verklagsreglum sem gilda um öryggismál í skóla- og frístundastarfinu.